

## FUNDAGERÐ BYGGINGARNEFNDAR

Priðjudaginn 9. mars 2004, kl. 17<sup>30</sup>, var fundur haldinn í byggingarnefnd Höfðahrepps. Á fundinum voru mætt: Gunnlaugur Sigmarsson, Aðalheiður Árnadóttir, Finnur Kristinsson, Magnús B. Jónsson, Pétur Eggertsson, Rolf Árnason, byggingafulltrúi og Pröstur Líndal slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði.

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi fyrir sumarbústaðasvæði við Vetrarbraut sbr. 1. liður fundar 16. desember 2003. Deiliskipulagið er unnið af Teikn á lofti ehf. Sveitarstjóri greindi frá því að um væri að ræða breytingu á aðalskipulagi sem þyrfti að samþykkja bæði í byggingar- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Nefndarmenn yfirfóru fyrirbyggjandi gögn og samþykktu svohljóðandi bókun:

1. *Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Höfðahrepps 1988-2008.*

Byggingarnefnd Höfðahrepps samþykkir óverulega breytingu á aðalskipulagi Höfðahrepps 1988-2008 og beinir því til hreppsnefndar að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar að breytingin fari í formlega opinbera kynningu skv. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

2. *Deiliskipulagstillaga að frístundabyggð við Vetrarbraut.*

Byggingarnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð og beinir því til hreppsnefndar að óska heimildar Skipulagsstofnunar til að tillagan fari í formlega opinbera kynningu samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Byggingarnefnd ræddi hugsanleg nöfn á fyrirhugaða götu sumarhúsabyggðar. Samþykkt að beina til hreppsnefndar þeirri tillögu að gatan verði kölluð Hólaberg.

### 2. Oddagata 22 (fnr. 213-8950)

Fyrir fundinum lá erindi Jóhanns Þórarinssonar, fh. Bílaskálans Marstáls ehf. sem óskar samþykkis á skiptingu eignarinnar og breytingu á notkun. Óskað er heimildar til að gera eftirtaldar breytingar á eigninni:

1. Skipta húsnaðinu upp í þrjá eignarhluta sem verði gerður eignaskiptasamningur um.
2. Byggja tvo milliveggi sem afmarki bifreiðageymslu í miðhluta hússins samkvæmt meðfylgjandi grunnmynd.
3. Færa aðra fellihurð á suðurhlið frá vesturhluta yfir á austurhluta hússins og byggja upp gluggavegg og gönguhurð í stað fellihurðarinnar á vesturhluta. Bæta við gluggum á norðurhlið skv. meðfylgjandi teikningum.
4. Breyta notkun hússins þannig að í austurhluta verði bifreiðaverkstæði, í miðhluta verði almenn bifreiðageymsla og í vesturhluta verði skrifstofu og þjónustuaðstaða.

Umræddar breytingar voru samþykktar með þeirri athugasemd að skila skal árituðum teikningum.

### 3. Strandgata 2a (fnr. 213-8992)

Fyrir fundinum erindi sveitarstjóra sem óskar staðfestingar lóðamörkum Strandgötu 2a, leikskólans Barnabóls. Meðfylgjandi erindinu var lóðauppdráttur sem verkfræðistofan Stoð ehf hafði gert. Samkvæmt uppdrættinum verður stærð lóðarinnar 2157m<sup>2</sup>

Eldri lóðasamningur gerir ráð fyrir að lóðin sé um 1.300 m<sup>2</sup>. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og láta mæla upp núverandi girðingar og taka tillit til þeirra í uppdráttum.

**4. Umsókn um staðbundna löggildingu iðnmeistara.**

Fyrir fundinum lá erindi Baldurs Haraldssonar múrarameistara, kt. 250562-4039, sem sækir um staðbundna löggildingu iðnmeistara í umdæmi byggingarnefndarinnar skv. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441 frá 1998. Meðfylgjandi erindinu voru afrit af sveinsbréfi og meistarabréfi ásamt afritum af viðurkenningum annarra byggingarnefnda á sama erindi. Erindið var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 19.<sup>00</sup>

Gunnlaugur Sigmarsson  
(sign)

Aðalheiður Árnadóttir  
(sign)

Finnur Kristinnsson  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Pétur Eggertsson  
(sign)

Rolf Árnason  
(sign)

Pröstur Líndal  
(sign)